

Miðvikudaginn 14. febrúar 1940.

Nr. 72/1939. Landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Ara Páli Hannessyni
(Pétur Magnússon).

Fébotakrafa samkvæmt 19. gr. laga nr. 12 frá 1937.
Um valdsvið dómstóla.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn í máli þessu er kveðinn upp af lögmanninum í Reykjavík Birni Þórðarson.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 18. júlí 1939, krefst þess: Aðallega að héraðsdómurinn verði ómerktur og að málinu verði vísað frá bæjarþinginu, en til vara, að hann verði alsýknaður. Ennfremur krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst hinsvegar: Aðallega að héraðsdómurinn verði staðfestur, en til vara, að hæstiréttur kveði á um það, að yfirmatsgerðin sé vegna annmarka ekki skuldbindandi fyrir hann. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi hefir í málinu borið það fyrir, að tjón stefnda vegna förgunar sauðfjár hans sé þegar metið af dómkvöddum mönnum, svo sem mælt er í 19. gr. laga nr. 12 frá 1937, og geti stefndi ekki átt kröfu til bóta umfram það, er í matsgerðinni segir. Að svo vöxnu máli verða dómstólarnir ekki taldir bærir um að kveða á um hæð fébótanna, og verður því að ómerkja ex officio ákvæði héraðsdómsins um

bótahæðina og vísa málinu að því leyti frá bæjarþingi Reykjavíkur.

Kröfur stefnda í héraði, þær sem hér hefir verið krafizt dóms um, voru byggðar á því, að yfirmatsmennirnir hafi ranglega talið 12% sauðfjár stefnda aflóga, að þeir hafi metið það sem sýkt fé, þótt þess sæist ekki vottur við slátrun þess, og að þeir hafi ekki rannsakað áhrif sýkingarhættunnar á gangverð sauðfjár þess, sem stefndi keypti í skarðið. Kröfur stefnda í héraði fólu þannig í sér andóf þess, að honum væri skylt að hlíta yfirmatinu, og var um þetta dæmt í héraði. Er stefnda þessvegna heimilt að koma að sem varakröfu í hæstarétti véfengingu á greindum atriðum matsins.

Stefndi hefir haldið fast á því, að engum hluta hins fargaða sauðfjár hans, sem voru 65 ær, 16 veturgamlar kindur og 2 hrútar, hefði þurft að lóga vegna aldurs. Yfirmatsmenn virðast ekki hafa kynnt sér aldur sauðfjár stefnda, þótt þeim væri það skylt, heldur byggt mat sitt að þessu leyti á ágizkun. Verður stefndi þess vegna ekki talinn bundinn við þetta atriði matsgerðarinnar, sem metast verður af nýju.

Eftir að sauðfé stefnda hafði verið fargað, keypti hann 30 ær í skarðið uppi í Hreppum og greiddi að meðaltali hverja þeirra kr. 21.75. Ekki verður séð, að yfirmatsmenn hafi kynnt sér, hvort mæðiveiki-hættan hafði áhrif á gangverð sauðfjár til lífs í Hreppum og í Árnassýslu yfirleitt á þeim tíma, er kaup þessi fóru fram, en rannsókn þessa atriðis var nauðsynleg við samanburð á verðgildi sauðfjár þess, er stefndi var látinn farga, og hins, sem hann keypti. Verður þessvegna að telja þetta atriði matsins hald-

ið þeim annmörkum, að stefnda sé ekki skylt að hlíta því, og ber því að meta það af nýju.

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu kostnaðar við yfirmatið þykir mega staðfesta, enda virðist stefndi hafa haft fulla ástæðu til að krefjast yfirmats.

Eftir þessum málslyktum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 300.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Ákvæði héraðsdómsins um fábætur til handa stefnda, Ara Páli Hannessyni, á að vera ómerkt og vísast málinu að því leyti frá bæjarþingi Reykjavíkur.

Stefndi er ekki bundinn við framangreind at-riði yfirmatsins, er metast skulu af nýju.

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu kostnaðar við greint yfirmat á að vera óraskað.

Áfrýjandi, landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda kr. 300.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. júní 1939.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 13. marz 1939, af Ara Páli Hannessyni, bónda í Stóru-Sandvík í Sandvíkurhreppi, gegn landbúnaðarráðherra fyrir hönd ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 984.04 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 17. febrúar 1939 til greiðsludags, alls kostnaðar við síðar-

greinda yfirmatsgerð, ca. kr. 200.00, svo og málskostnaðar í máli þessu að skaðlausu. Í rekstri málsins hefir stefnandi lækkað kröfu sína um kr. 105.90, eða í kr. 878.14.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum, og er sú frásögn hans óvæfengd af stefndum, að árið 1936 og næsta ár á undan hafi nokkrir bændur úr Sandvíkurhreppi rekið fé sitt á Grímsnesafirétt. Haustið 1936 hafi mæðiveikin komið upp í Grímsneshreppi og það leitt til þess, að þeim bændum í Sandvíkurhreppi, sem höfðu átt á (svo) á Grímsnesafirétt 1936, hafi vorið 1937 verið boðið af mæðiveikinefnd að gera annað af tvennu: að reka féð aftur á Grímsnesafirétt og slátra því þá öllu um haustið eða halda því í traustri girðingu í heimahögum um sumarið og væri þeim þá heimilt að setja það á um haustið, ef veikin kæmi ekki fram í því um sumarið. Tóku stefnandi og aðrir bændur í Sandvíkurhreppi þann kostinn að koma upp girðingum í heimahögum, og voru þær settar upp undir eftirliti mæðiveikinefndar, og mun nefndin jafnframt hafa ætlað að hafa eftirlit með því, að ekki yrði ofsett í girðingarnar. Svo fór þó, að þegar kom fram í ágúst, var orðið hagalaust í girðingunum og hafi bændur þá beiðzt þess, að féð yrði skoðað, en tvær til þrjár vikur hafi liðið, án þess að nefndin sinni því. Hinsvegar hafi bóndanum í Litlu-Sandvík verið leyft að senda 40 kindur til Reykjavíkur til slátrunar. Hafi hann gert það og þá komið í ljós við rannsókn, að tvær af þeim kindum hafi verið smitaðar mæðiveiki. Hafi þá verið hætt við frekari skoðun á öðru fé í girðingunum, en nýjar girðingar verið settar upp fyrir féð, þar eð það hafi verið farið að svelta í þeim gömlu. Nokkru síðar hafi fulltrúi mæðiveikinefndar í Árnessýslu tilkynnt, að skoðun ætti að fara fram á fénu 20. september. Hafi fénu þá verið smalað þann dag og það látið standa inni fram eftir degi, en þar eð enginn hafi komið til að skoða það, hafi því verið sleppt aftur. Þremur dögum síðar hafi komið skipun um, að öllu fénu skyldi slátrað um haustið, og var það síðan gert. Litlu eftir þessa skipun hafi bændum þeim, er hlut áttu að máli, verið bannað að kaupa fé frá ósýktum svæðum og ennfremur að selja hey til ósýktra héraða.

Meðal þeirra bænda, er nýgreindar ráðstafanir tóku til,

var stefnandi í máli þessu. Átti hann samtals 83 kindur í girðingunum, er slátrað var samkv. fyrrgreindum fyrir-mælum mæðiveikinefndar, en við slátrunina kom í ljós, að engin kind af þessum fénaði var sýkt af mæðiveiki, svo sjáanlegt væri.

Við þessar ráðstafanir telur stefnandi sig hafa beðið mikið tjón, er ríkið eigi að bæta að fullu, en það hafi aðeins bætt það að nokkru. Lét hann því framkvæma mat á tjóni, er hann taldi sig hafa beðið. Er matsgerðin dagsett 10. febrúar 1938, og er niðurstaða hennar sú, að stefnandi hafi þegar fengið fullar bætur og eigi því ekki frekari bótakröfur á hendur ríkissjóði. Mati þessu skaut stefnandi til yfirmats. Er matsgerð yfirmatsmanna dagsett 3. júlí 1938. Komust yfirmatsmenn að sömu niðurstöðu og undirmatsmennirnir og telja, að stefnandi eigi ekki kröfu til frekari bóta frá ríkissjóði en hann hafi þegar fengið. Við þessi málalok vildi stefnandi ekki sætta sig og höfðaði því mál þetta og gerir í því áðurgreindar kröfur. Byggir hann þær á því, að sér beri að fullu bætur fyrir fénaðinn, en þær nemi mismuninum á sláturfjárverði fjár hans og verði því, er hann hafi orðið að kaupa lífsfé fyrir. Telur hann þann mismun nema hinni umstefndu upphæð og að sér beri því að fá hana greidda.

Stefndur byggir hinsvegar kröfur sínar aðallega á því, að samkvæmt þaraðlútandi lagaákvæðum hafi stefnanda borið að fá fé sitt bætt eftir mati. Mat þetta hafi farið að öllu löglega fram og komið að þeirri niðurstöðu, að stefnandi ætti ekki frekari bótakröfu á hendur sér en þegar hefði verið fullnægt. Matið sé bindandi að þessu leyti, og beri þegar af þessum ástæðum að sýkna sig. Til vara byggir stefndur kröfur sínar á því, að ef ekki yrði fallið á, að bæri að sýkna sig af nýgreindum ástæðum án tillits til þess, hvort telja megi matsupphæðina hæfilega háa, þá beri þó a. m. k. að sýkna sig af þeirri ástæðu, að stefnandi hafi þegar fengið tjón sitt vegna niðurskurðarins að fullu bætt.

Heimild sú, er framangreindar ráðstafanir á fénaði stefnanda byggjast á, er í 19. gr. laga nr. 12 frá 12. maí 1937 um varnir gegn útbreiðslu borgfirzku sauðfjárveikinnar. Segir í greininni, að eigendum fjár, er ráðstafað sé til hindrunar útbreiðslu veikinnar, skuli greiddar bætur fyrir tjón sitt eftir mati dómkvaddra manna. Þótt ekki segi

berum orðum, að greiddar skuli fullar bætur í hvert einstakt skipti, leiðir það af sjálfu sér, enda annað ósamrýmanlegt þar að lútandi ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Þegar stefnandi hafði slátrað fé sínu, var honum leyft að kaupa annað í staðinn, en aðeins af svæðum, er voru undir grun um mæðiveiki, eða m. ö. o. fé, er virðist hafa verið svipað ástatt um og fé hans sjálfs. Keypti hann 30 lífær og gaf að meðaltali kr. 21.75 fyrir hverja. Virðist því mega telja, að meðalverð fénaðar stefnanda hafi verið sú upphæð fyrir hverja kind. Verður þá andvirði alls fjárins kr. 1805.25. Verður því að lita svo á, að stefnanda beri að fá greitt frá stefndum það, er á kann að vanta, að hann hafi fengið þessa upphæð fyrir fénað sinn, þó að því frá-dregnu, er hann kann sjálfur að eiga sök á, að minna kann að hafa fengizt.

Kemur nú til álita, hve mikið stefnandi hefir þegar fengið eða hefði getað verið búinn að fá fyrir féð.

Stefnandi fékk að meðaltali kr. 9.12 fyrir hverja kind, er hann slátraði hér í bænum hjá Sláturfélagi Suðurlands. Að visu slátraði hann nokkrum kindum heima, en telja verður, að meðalverð þeirra hafi verið sama, þar eð aðiljar virðast sammála um það og annað er ekki upplýst. Nemur þetta samtals kr. 756.96 fyrir hópinn. Sláturfélagið greiddi verðuppbót, er nam til jafnaðar kr. 1.60 á kind, og verður hún einnig að reiknast á það fé, er heima var lógað, þar eð hún hefði einnig fengizt á það, hefði því verið lógað hér. Nemur verðuppbótin því samtals kr. 132.80. Þá fékk stefnandi greiddar sem bætur úr rikissjóði kr. 5.00 fyrir hverja kind, einnig þær heimaslátruðu, og nemur sú upphæð kr. 415.00. Hefir stefnandi þannig fengið eða hefði a. m. k. getað verið búinn að fá, ef öllu fénu hefði verið slátrað hér, samtals kr. 1304.76. Það, sem á vantar til fullvirðis, ef allt fé stefnanda er reiknað lífsfé, eru því kr. 500.49, eða tæp 28% af verðmæti fjárstofnsins.

Það má telja viðurkennt í málinu, enda segir svo í yfirmatsgerðinni, að fé stefnanda hafi lagt sig að jafnaði kr. 3.28 minna, hver kind, en annað fé í byggðarlaginu. Er talið, að heyleysi (svo) það, er féð átti við að búa, sé orsök þessa. Telur stefnandi mæðiveikinefnd eiga sök á þessu, en stefndur stefnanda sjálfan, þareð hann hafi ekki notfært sér þá heimild, er nefndin hafi veitt honum til að

reka hæfilega margt fé sitt á Grimsnesafrétt og fá það þannig í venjulegum holdum. Má telja upplýst, að stefnandi fékk þessa heimild, og þykir því mega, eins og yfirmatið hefir gert, verðfella fénað hans af þessari ástæðu um helming þessarar upphæðar, þ. e. kr. 1.64 hverja kind, eða samtals kr. 136.12. Nemur þá hin óbætta upphæð kr. 500.49 að frádrögnum kr. 136.12, eða kr. 364.37.

Yfirmatið hefir verðfellt fénað stefnanda fram yfir það, sem hér er gert, af þeim ástæðum: 1) að þurft hefði að farga nokkru, 12%, af stofninum vegna aldurs og 2) vegna þess, hve hún telur, að mikil hætta hafi verið á, að mæðiveiki kynni að leynast í því og kæmi síðar fram.

Um 1. Yfirmatið byggir þessa hundraðstölu á því, er það telur almenna reglu að þessu leyti, en hinsvegar virðist það ekkert hafa athugað aldur fjár stefnanda, eins og þó sjálfsagt var að gera, þaræð vel má vera, að ekki stærri stofn, en hér var um að ræða, hafi verið svo ungur, að engu af honum hafi þurft að lóga vegna aldurs, enda er því mjög ákveðið haldið fram af stefnanda í flutningi málsins hér fyrir dómi, að svo hafi verið. Af hálfu stefnds er hinsvegar ekki sannað, að aldur neinna kindanna hafi verið svo hár, að nauðsyn bæri til að lóga fénu þess vegna. Er því óheimilt að verðfella féð af þessari ástæðu.

Um 2. Svo sem áður segir, kom ekki í ljós við rannsókn á fé stefnanda, er því var slátrað, að það væri mæðiveikt, og brestur alla sönnun fyrir, að svo hafi verið. Er því einnig óheimilt að verðfella féð af þessari ástæðu, enda var það svo, að fé það, er stefnandi keypti og framangreint verðlag er miðað við, var einmitt af grunuðum svæðum og því ekki grunlaust um mæðiveiki, og er því verðmæti fjár stefnanda miðað við, að það mætti teljast grunað.

Einn liður í bótakröfu stefnanda eru bætur fyrir afurðamissi. En þegar af þeirri ástæðu, að stefnandi mátti þegar kaupa fulla tölu síns fyrra stofns og þurfti því engan afurðamissi að bíða, verður sá liður bótakröfu hans ekki tekinn til greina.

Í samræmi við framanskráð verða málalok þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 364.37 með vöxtum, eins og krafizt hefir verið, svo og kostnað af framangreindu yfirmati, þó ekki yfir kr. 200.00. Þá þykir

einnig verða að dæma stefndan til að greiða stefnanda málskostnað í máli þessu, og þykir upphæð hans hæfilega ákveðin kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, landbúnaðarráðherra f. h. rikissjóðs, greiði stefnandanum, Ara Páli Hannessyni, kr. 364.37 með 5% ársvöxtum frá 17. febrúar 1939 til greiðsludags og kr. 150.00 í málskostnað.

Ennfremur greiði stefndur kostnað allan af framangreindu yfirmati, þó ekki yfir kr. 200.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. febrúar 1940.

Nr. 6/1938. **Svínvetningabrautarfélagið**

(Pétur Magnússon)

gegn

Karli Helgasyni (Jón Ásbjörnsson).

Skýrslur brast um fjárhæð lögtakskröfu. Þessvegna synjað lögtaks.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir með stefnu 14. jan. 1938 skotið til hæstaréttar úrskurði fúgetaréttar Húnavatns-sýslu, uppkveðnum þann 16. okt. 1937 af Guðbrandi sýslumanni Ísberg. Hefir áfrýjandi fengið leyfi dómsmálaráðherra samkvæmt 25. gr. laga nr. 112 frá 1935 til að áfrýja málinu, þótt lögtakskrafan nemi eigi 50 krónum. Svo hefir hann og fengið gjafsóknarleyfi fyrir hæstarétti og sér skipaðan talsmann.

Fyrir hæstarétti krefst áfrýjandi þess, að hinn á-